



UMFANG MENNTAMÁLA HJÁ AUSTURBRÚ

*Fjöldi árið 2017

**Áætlaður fjöldi árið 2018



HÁSKÓLANÁM



Háskólanemar sem nýttu þjónustu Austurbrúar

Á haustönn árið 2017 nýttu 150 háskólanemar sér þjónustu Austurbrúar. Af þeim voru 25% karlar og 75% konur. Flestir stunduðu nám við Háskólann á Akureyri (45%) en aðrir nemar voru skráðir í aðra háskóla og háskólabrýr (55%).



Sérhæfð aðstoð

Áætlað er að 40 háskólanemar nýti lesaðstöðu Austurbrúar á árinu 2018 og 30 nýti sér sérhæfða aðstoð.



Próf

Áætlað er að 850 próf verði þreytt hjá Austurbrú á árinu 2018, þar af 800 hjá háskólum og háskólabrúum.

SÍMENNTUN



Fræðsla og námskeið

Áætlað er að 250 sæki námskeið á vegum fræðsluáætlana fyrirtækja og stofnana hjá Austurbrú á árinu 2018, 120 nemar verði á námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, 120 læri íslensku fyrir útlendinga og 10 sitji fræðslunámskeið fyrir fatlaða. Þar að auki er áætlað að 150 sæki ýmis námskeið á árinu. Samtals munu því 650 sækja námskeið eða aðra fræðslu hjá Austurbrú á árinu 2018.



Raunfærnimat

Áætlað er að þátttakendur í raunfærnimati á árinu 2018 verði samtals 35: tíu í fiskvinnslu, fimmtán leikskólaliðar og tíu í almennum iðngreinum.



Náms- og starfsráðgjöf

Á árinu 2018 er áætlað að hjá Austurbrú verði tekin 320 viðtöl hjá náms- og starfsráðgjöfum.

AÐRAR UPPLÝSINGAR

Menntunarstig

Nám	Austurl.	Landið	Austurl.	Landið
Grunnskólapróf eða minna	32%	22%	40%	25%
Starfsnám í framhaldsskóla	3%	3%	10%	6%
Stúdentspróf	13%	15%	19%	20%
Iðnnám, verknám, meistarapróf	35%	29%	5%	9%
Grunnnám í háskóla	12%	19%	21%	27%
Framhaldsnám í háskóla	5%	12%	5%	13%

Hlutfall íbúa af erlendum uppruna er það sama á Austurlandi og á landinu öllu (8,9%).



Fjármögnun Austurbrúar

Austurbrú er fjármögnuð af atvinnulífi, fræðslusjóði og þátttakendum annars vegar (87 millj. kr. - 50.3%) og með framlögum frá ríkinu (86 millj. kr. - 49.7%) hins vegar.